

Fimmtudaginn 19. maí 1988.

Nr. 283/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson hrl.)

gegn

Ásbirni Andrasyni

(Þórólfur Beck hrl.)

Þjófnaður. Fjárdráttur. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1987 að ósk ákærða og að því er hann einan varðar, en meðákærði í héraði vildi hlíta héraðsdómi. Af hálfu ákærvalds er dóminum áfrýjað til þyngingar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarmat, færslu til refsí-ákvæða og fébætur. Með hliðsjón af þeim ákvæðum sem tilgreind eru í hinum áfrýjaða dómi verður refsing ákærða ákveðin fangelsi 15 mánuði. Í héraðsdómi er ákærði talinn hafa sætt gæsluvarðhaldi frá 21. mars 1986 kl. 16:54 til 28. maí s.á. kl. 17:00 eða í 69 daga samtals. Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn er sýna að ákærði var látinn laus úr gæsluvarðhaldi 16. maí 1986 kl. 13:55. Að þessu athuguðu þykir rétt að draga gæsluvarðhaldsvist í 56 daga frá refsingu ákærða.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað að því er ákærða varðar og dæma hann til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ásbjörn Andrasón, sæti fangelsi 15 mánuði. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða, alls 56 dagar.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað skulu vera óröskuð að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin

saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Þórólfs Kristjáns Beck hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. maí 1987.

Ár 1987, fimmtudaginn 21. maí, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara.

Fyrir er tekið: Sakadómsmálið: Ákærvaldið gegn Ásbirni Andrasyni o.fl.

Mál þetta var dómtekið þ. 19. þ.m.

Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi dómur:

Ár 1987, fimmtudaginn 21. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 336-337/1987: Ákærvaldið gegn Ásbirni Andrasyni og X, sem tekið var til dóms þann 19. maí 1987.

Upphaflega er málið höfðað með ákæru dagsettri 26. ágúst 1986 gegn ákærðu, Ásbirni Andrasyni nema, þá til heimilis að Laugavegi 27, Reykjavík, en nú til heimilis að Tåstrupgårdsvej 113, 2630, Tåstrup, Danmörku, fæddum 4. desember 1962 í Reykjavík, X, A og B, „fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19, 1940 í febrúar og mars 1986:

I. Ákærðu Ásbirni, X og A er gefið að sök:

1.

Að hafa, aðfaranótt þriðjudagsins 11. febrúar 1986, brotist inn í myndbandaleiguna Tröllavideo, Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi, og stolið sjónvarpstæki, 29 myndböndum, allt að 15 vindlingalengjum og 3.000,00 krónum.

2.

Aðfaranótt mánudagsins 7. febrúar (sic) 1986 brotist inn í vélaverkstæði Véltaks h.f., Hvaleyrarbraut 3, Hafnarfirði, og stolið þar slípirokk, slaghamri, borvél, kúbeini, 3 toppplyklasettum og ljósmyndavél.

3.

Sömu nótt brotist inn í afgreiðsluhúsnæði Skeljungs h.f. við Bæjarbraut, Garðakaupstað, brotið þar upp peningaskáp með verkfærunum sem þeir komust yfir í innbrotinu á vélaverkstæðið, og stolið úr skápnum 315.069.30 krónum í reiðufé og tékkum.

4.

Ákærðu Ásbirni og A er gefinn að sök þjófnaður og ákærða X hlutdeild í broti þeirra, — ákærðu Ásbirni og A fyrir að brjótast inn í verslunina

Ömmu Dalton og myndbandaleiguna Myndsel, Víkurbraut 31, Grindavík, aðfaranótt mánudagsins 17. mars, og stela þar 3 myndbandstækjum, 50 vindlingalengjum, útvarps- og segulbandstæki og 2 hátölurum, — X fyrir að taka við myndbandstækjunum til geymslu hjá meðákærðu sama dag, þrátt fyrir vitneskju um hvernig meðákærðu voru að þeim komnir.

Telst þessi háttsemi ákærðu varða við 244. gr. hegningarlaganna nema atferli ákærða X samkvæmt ákærulið 4 sem telst varða við 254. gr. sömu laga.

II. Ákærðu Ásbirni og A er gefið að sök að hafa:

1.

Aðfaranótt föstudagsins 21. febrúar brotist inn í verslun og vélaverkstæði Véltaks h.f., við Hvaleyrarbraut og stolið þar slípirokk og 2 kúbeinum.

2.

Sömu nótt brotist inn í bensínafgreiðslu Oliufélagsins h.f. á Ártúnshöfða í Reykjavík og stolið þar tónjafnara og um 120.000 krónum úr peningaskáp, sem þeir brutu upp með verkfærum sem þeir komust yfir í innbrotinu í vélaverkstæðið fyrr um nóttina.

3.

Aðfaranótt mánudagsins 10. mars brotist inn í bifreiðaverkstæði Tómasar Jónssonar, Laugarnestanga 15, Reykjavík, og stolið þar logsuðutækjum með brennara, 3 járnklippum, skrufjárn, kuldaskóm og 2 vinnugöllum. (RLR mál nr. 722 og 1082/86).

4.

Sömu nótt brotist inn í bensínafgreiðslu Oliufélagsins h.f., Stórahjalla 2, Kópavogi, og stolið þar 18 vindlingalengjum og 3.000 krónum og jafnframt reynt án árangurs að logskera upp peningaskáp í afgreiðslunni með tækjunum sem þeir komust yfir í síðastgreindu innbroti.

5.

Aðfaranótt þriðjudagsins 11. mars brotist í þjófnaðarskyni inn í myndbandaleiguna Borgarvideó, Kárástíg 1, Reykjavík, en horfið af vettvangi er þjófavarnarkerfi leigunnar fór í gang.

Telst þetta atferli varða við 244. gr. hegningarlaganna nema háttsemin í lið 5 sem varðar við 244. gr., sbr. 20. gr. sömu laga.

III. Ákærða Ásbirni Andrasyni er einum gefin að sök eftirgreind brot framin í Reykjavík:

1.

Að hafa aðfaranótt föstudagsins 7. febrúar brotist inn í húsnæði heildverslunar Kristins Bergþórssonar, Grettisgötu 5, og stolið þar 7 áfengisflöskum, reiknivél, síma, myndavél, taltæki (diktafóni) og útvarps- og segulbandstæki.

2.

Aðfaranótt fimmtudagsins 18. febrúar brotist inn í Nesapótek, Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi og stolið þar um 3.700 krónum.

3.

Í marsbyrjun slegið eign sinni á myndbandstæki, sem hann tók á leigu þann 27. febrúar hjá myndbandaleigunni Borgarvideó, Kárástíg 1, Reykjavík.

Telst atferli ákærða Ásbjörns samkvæmt liðum 1 og 2 varða við 244. gr. hegningarlaganna en í lið 3 við 247. gr. sömu laga.

— — —

Telst þetta varða við 254. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Þann 19. nóvember sl. var þáttur ákærða B í málinu dæmdur, en hann hafði verið aðgreindur svo ljúka mætti dómi í málinu á hendur honum þar sem fyrirsjáanlegt var að málið myndi dragast gegn ákærðu A og Ásbirni, sem þá voru báðir búsettir erlendis, og hvorki hafði til þeirra náðst né ákærða X sem var langdvölum á sjó.

Með bréfi dómsins til ríkissaksóknara dagsettu 13. þ.m. var þess óskað að þáttur ákærða A yrði aðgreindur í málinu, þar sem hann væri búsettur í Ástralíu og ekki væri von á honum til landsins. Með bréfi ríkissaksóknara til dómarans dagsettu þann 14. þ.m. var málaleitan þessi samþykkt. Verður því í dómi þessum eingöngu dæmdur þáttur ákærðu Ásbjarnar og X, en sá fyrrnefndi, sem enn er búsettur erlendis, kom fyrir dóminn í janúarmánuði sl. og kom hann til landsins að ósk dómarans einvörðungu í þessu skyni, en að því búnu hélt hann á ný til Danmerkur.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærðu Ásbjarnar og X og öðru því, sem fram er komið í málinu:

I.

1. Aðfaranótt þriðjudagsins 11. febrúar 1986 brutust ákærðu Ásbjörn og X í félagi við A inn í myndbandaleiguna Tröllavideó, Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi. Komust þeir inn með því að Ásbjörn skreið inn um opinn glugga og opnaði fyrir X, en A beið þeirra í bifreið fyrir utan. Þarna stálu þeir sjónvarpstæki af gerðinni Hitatchi, 29 myndböndum, um 3.000,00 í

peningum, sem þeir tóku úr reikningskassa, svo og um 15 vindlinga-lengjum.

Í kæru er þess enn fremur getið að stolið hafi verið samtals 115 myndböndum, ípróttatösku, 2 pelum af koníaki, tveim útvarps- og segulbands-tækjum, öðru af gerðinni Crown en hinu af gerðinni Sharp, skrautsíma svo og tveim myndbandstækjum. Ákærðu Ásbjörn og X svo og A hafa allir játað að hafa stolið þessum munum að undanskildum myndbandstækjunum og myndböndunum 86 sem þeir hafa harðneitað að hafa stolið þarna, enda eru þeir ekki ákærðir fyrir þann þjófnað.

Ákærðu seldu myndböndin, sjónvarpið, skrautsímann og annað útvarps- og segulbandstækið. Þeir eyddu peningunum og drukku áfengið. Andvirðinu af sölu þýfisins skiptu þeir þrír með sér. Rannsóknarlögreglan kom sjónvarpinu, skrautsímanum og öðru segulbandstækinu til skila til Ábyrgðar hf.

Ofangreindur þjófnaður ákærðu Ásbjörns og X er sannaður með játningu þeirra, sem er í samræmi við framburð A fyrir rannsóknarlögreglu. Telst brot þeirra varða við 244. gr. alm. hegningarlaga. Hins vegar verða þeir ekki sakfelldir fyrir þjófnaðinn á útvarps- og segulbandstækjunum, skrautsímanum, koníakspelunum og ípróttatöskunni, þar sem þeir eru ekki ákærðir fyrir þann þjófnað, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Myndbandaleigan Tröllavideo var með tryggingu hjá tryggingafélaginu Ábyrgð hf. Voru eigandanum greiddar krónur 250.000,00 í bætur vegna innbrotisins. Hefur tryggingafélagið lagt fram þá kröfu að þeir sem valdir eru að þjófnaðinum greiði félaginu þessa fjárhæð. Ofangreind krafa er með öllu órökstudd og ósundurliðuð. Kemur m.a. fram í kröfunni að stolið hafi verið myndbandsspólum, spólum, sjónvarpi o.fl. en þýfið ekki nánar tilgreint. Ákærðu eru ekki ákærðir nema fyrir þjófnað á broti af þeim verðmætum, sem félagið hefur greitt eiganda Tröllavideos, og sumu af þýfinu skilaði RLR félaginu. Samkvæmt framansögðu er ofangreindri kröfu vísað frá dómi.

2. Um kl. 03:00 aðfaranótt mánudagsins 17. febrúar 1986 brutust ákærðu Ásbjörn og X ásamt A enn fremur inn í vélaverkstæði Véltaks hf. við Hvaleyrarbraut 3 í Hafnarfirði. Komust ákærðu inn um opinn glugga á vesturgafli hússins. Þarna stálu þeir ýmsum verkfærum sem þeir síðar hugðust nota við annað innbrot í þjófnaðarskyni, svo sem slípirokk, slaghamri, borvél, kúbeini, 3 topplykasettum og rafmagnskapli. Þá stálu þeir þarna ljósmyndavél af gerðinni Canon AE I með linsu og rafmagnskapli.

Sömu nótt héldu þeir þrír að bensínafgreiðslu Shell við Bæjarbraut, Garðakaupstað, í þeim tilgangi að sprengja þar upp peningaskáp. Brutu þeir upp hurð á norðurhlíð hússins með því að binda spýtu við höggdeyfara bifreiðar þeirrar sem þeir komu á. Ætluðu þeir að taka peningaskápinn

með sér, en tókst ekki þar sem hann var fastur við gólfið. Við svo búið héldu þeir í Véltak þar sem þá vantaði verkfæri til að opna skápinn og brutust þar inn, svo sem að framan greinir. Er þeir komu til baka á ný notuðu þeir slípirokkinn til að slípa lamirnar af skápnum og spenntu síðan upp hurðina með kúbeininu. Hluta af verkfærunum skildu þeir svo eftir á innbrottsstað, en fóru með önnur með sér. Úr skápnum stálu þeir umslagi með peningum og ávísunum auk þriggja lítilla peningakassa, sem í honum voru. Tóku þeir þýfið með sér og var þá komið undir morgun. Geymdu þeir þýfið í geymslu á heimili X.

Í kæru er talið að stolið hafi verið úr skápnum í peningum kr. 130.000,00 en í ávísunum kr. 182.843,00 ásamt tveim litlum peningakössum, en þriðji peningakassinn var opnaður en skilinn óskemmdur eftir. Í litlu peningakössunum hafi verið skiptimynt kr. 30.000,00 samtals en aðrir peningar í skápnum kr. 100.226,00, eða samtals í reiðufé kr. 130.226,00. Í kærinni er þess getið að allir tékkarnir hafi verið stimplaðir.

Ákærðu Ásbjörn og X hafa báðir borið að þeir þrír hafi skipt peningunum jafnt á milli sín og í hlut hvers hafi komið um 40.000 - 42.000 krónur, en þeir hafi ekki vefengt peningaupphæðina í kærinni. Þá hafa báðir borið að þar sem þeir sáu síðar að allir tékkarnir voru stimplaðir með nafni Skeljungs hafi þeir séð að þeir myndu ekki geta fénytt þá og því ekki talið þá. Tékkarnir hafi verið geymdir í geymslu á heimili X, en A hafi sótt þá þangað án þeirra vitneskju og vilja og hent þeim einhvers staðar. Þeir hafi hins vegar báðir viljað geyma tékkana til að koma þeim til skila úr því sem komið var. Hvorugur vefengdi að upphæð tékkanna væri sú, sem í kæru greinir.

A bar á sama veg og ákærðu Ásbjörn og X fyrir rannsóknarlögreglu, en taldi þó að hver um sig hafi fengið um 30.000 krónur í peningum í sinn hlut. Hann mundi ekki hvort þeir höfðu á brott með sér 2 eða 3 litla peningakassa en sagði að þeir hefðu opnað kassana í ofangreindri geymslu. Þessum kössum hafi hann hent í sjóinn við Hafnarfjörð ásamt tösku, sem í voru ávísanirnar úr innbrotinu. Þeir þrír hafi verið ósammála hvað gera ætti við tékkana og á meðan þeir hinir voru í haldi lögreglunnar hafi hann notað tækifærið og hent töskunni. X hafi viljað skipta tékkunum, en það hafi hann ekki viljað. Taskan hafi verið þung og sokkið strax.

Ákærðu og A eyddu peningunum og því fé sem fékkst fyrir þýfið ásamt A.

Af verkfærum þeim og öðru þýfi sem ákærðu stálu í Véltaki hf. komst eftirfarandi til skila: myndavél, borvél, kúbein, tveir slaghamrar, sleggja, slípirokkur og rafmagnskapall. Þýfi þetta fannst á innbrottsstað við bensín-afgreiðslu Shell og á heimili ákærða X.

Með játningu ákærðu Ásbjörns og X, sem studd er framburði A fyrir

rannsóknarlögreglu, er sannað að þeir brutust inn á ofangreinda tvo staði í þjófnaðarskyni og stálu þeim verðmætum, sem í 2. og 3. tl. 1. kafla ákæru greinir. Varðar þessi verknaður þeirra við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Í ákæru er brot ákærðu skv. 2. tl. talið framið þann 7. febrúar 1986 í stað 17. sama mánaðar. Þessi misritun kemur þó ekki að sök, skv. 3. mgr. 118. gr. 1. nr. 74/1974.

Engin bótakrafa var lögð fram af hálfu Véltaks hf. í máli þessu.

Oliufélagið Skeljungur hf. hefur lagt fram eftirfarandi skaðabótakröfu vegna þjófnaðarins í bensínafgreiðslu Skeljungs við Bæjarbraut, sem sundurliðast þannig:

A. Stolið söluandvirði í peningum og ávísunum,	kr. 283.069,30
B. Stolið skiptimynt,	kr. 30.000,00
C. Stolið símapeningum, ca.	kr. 2.000,00
D. Eyðilagður peningaskápur,	kr. 63.280,00
E. Peningakassar, 3 stk. á 1.474 kr. stk.,	kr. 4.422,00
F. Viðgerðarkostnaður aðkeyptur,	kr. 8.200,00
G. Viðgerðarkostnaður, eigin vinna,	kr. 3.120,00
Samtals	kr. 394.091,30

Ákærðu hafa báðir samþykkt kröfuna að öðru leyti en því að þeir mót-mæla greiðslu vegna tékkanna, þar sem A hafi komið þeim fyrir kattarnef án þeirra vitundar.

Ofangreind bótakrafa er sundurliðuð, í hóf stillt og í samræmi við játn-ingar ákærðu á þeim verðmætum sem stolið var og voru skemmd. Verður krafan tekin til greina að fullu og ákærðu Ásbjörn og X dæmdir óskipt til greiðslu hennar, en þar sem dómur verður ekki lagður nú á þátt A verður hann ekki í máli þessu dæmdur til greiðslu kröfunnar í félagi við ákærðu.

3. Aðfaranótt mánudagsins 17. mars sama ár brutust ákærðu Ásbjörn og A í félagi inn í verslunina Amma Dalton og myndbandaleiguna Myndsel, Víkurbraut 31, Grindavík. Komust þeir inn með því að fjarlægja spóna-plötu, sem negld hafði verið fyrir glugga á austurhlíð hússins. Þarna stálu þeir 3 myndbandstækjum, um 50 vindlingalengjum af ýmsum gerðum tóbaks, útvarps- og segulbandstæki af gerðinni Samsung með tveim há-tölurum, sem voru festir á vegg. Þá taldi kærandi að stolið hefði verið um 4.000 - 5.000 krónum í peningum, en í ákæru er þeim ekki gert að sök að hafa stolið peningum þarna.

Ákærði X tók myndbandstækin öll í geymslu fyrir Ásbjörn og A, þrátt fyrir að honum væri kunnugt um að þeir hefðu stolið þeim. Ákærði X vísaði rannsóknarlögreglunni á myndbandstækin sem hann hafði ekki ráð-

stafað og komust þau til skila til eigandans ásamt útvarps- og segulbands-tækinu og hátölurunum. Þá hafðist einnig upp á 16 vindlingalengjum af þeim ca. 50 sem stolið var.

Framangreind háttsemi ákærða Ásbjörns varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga, en brot ákærða X við 254. gr. sömu laga.

Eigandi ofangreindrar verslunar og myndbandaleigu hefur lagt fram skaðabóttakröfu samtals að fjárhæð kr. 64.950,00. Gerir hann þá kröfu að fá greitt andvirði 21 vindlingalengju, kr. 16.890,00, skiptimynt að fjárhæð kr. 7.500,00 og andvirði útleigugjalds á myndbandstækjum í þá daga, sem þau vantaði á leiguna að fjárhæð kr. 40.560,00.

Ákærði Ásbjörn hefur samþykkt að greiða andvirði 16 vindlingalengna, en ekki 21 þar sem 34 komust til skila, og í ákæru er honum gert að sök að hafa ásamt A stolið samtals 50 lengjum en ekki 55. Þá kveður hann peningafjárhæðina í kröfunni vegna þjófnaðar á skiptimynt vera of háa og loks mótmælir hann að greiða ofangreinda útleigu.

Í ákæru er ákærða gert að sök að hafa ásamt A stolið samtals 50 vindlingalengjum, en svo sem að framan greinir komust 34 lengjur til skila. Verður ákærði Ásbjörn því dæmdur til að greiða andvirði 16 lengna, þ.e. 12.868,00 krónur. Þá er kröfunni um greiðslu kr. 7.500,00 hafnað, enda er ákærði ekki ákærður fyrir þjófnað á peningum í þessu innbroti þrátt fyrir að hann og A hafi viðurkennt að hafa stolið þarna einhverri skiptimynt. Þá er krafan um útleigu tækjanna með öllu órökstudd og verður að vísa henni frá dómi.

II.

1. Aðfaranótt föstudagsins 21. febrúar sama ár braust ákærði Ásbjörn ásamt A á ný inn í vélaverkstæðið Véltak hf. við Hvaleyrarholt og stal þar slípirokk og 2 kúbeinum. Komust þeir inn með því að spenna upp glugga á austurhlíð hússins. Ofangreind verkfæri voru meðal þeirra, sem þeir stálu fjórum nóttum áður. Þessum verkfærum stálu þeir í þeim tilgangi að nota þau við innbrot það, sem í næsta lið er getið. Kúbeininum hentu þeir í Elliðaárnar að notkun lokinni, en slípirokkinn skildu þeir eftir á innbrotsstað.

Framangreindur verknaður ákærða Ásbjörns varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa kom fram vegna þessa þjófnaðar.

2. Í framhaldi af þjófnaðinum í 1. lið fóru ákærði Ásbjörn og A að afgreiðslu bensinstöðvar Olíufélagsins hf. við Ártúnshöfða í Reykjavík. Spennu þeir upp glugga á sunnanverðu húsinu sem krækt hafði verið aftur.

Í kjallara hússins fundu þeir peningaskáp sem þeir opnuðu á þann hátt að þeir flettu af með slípirokknum mestum hluta af loki hans með þeim

afleiðingum að skápurinn er gjörónýtur. Úr skápnum stálu þeir um 120.000,00 þúsund í peningum og litlum peningakössum sem í honum voru sem þeir brutu upp, þ.e. ákærði Ásbjörn hefur játað að sú upphæð sé rétt og er það í samræmi við kröfu þá sem lögð er fram í málinu og síðar er greint frá, en í upphaflegri kæru Olíufélagsins hf. er talið að upphæðin hafi numið 150.000,00 krónum. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglu hefur A hins vegar borið að þeir hafi stolið þarna um 60.000,00 krónum og nokkrum þúsundum króna í skiptimynt. Þá stálu þeir þarna tónjafnara, sem einn starfsmanna átti og komst hann síðar til skila.

Ákærði og A höfðu eytt öllu fénu þegar þeir voru handteknir.

Með játningu ákærða þykir sannað að hann hafi ásamt A stolið í innbroti þessu þeim verðmætum sem í ákæru greinir. Varðar brot hans við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Olíufélagið hf. hefur lagt fram eftirfarandi skaðabótakröfu í málinu, sem sundurliðast þannig:

1. Peningar	kr. 120.000,00
2. Vörur	kr. 10.000,00
3. Peningaskápur, viðgerð	kr. 15.000,00
4. Aðrar skemmdir	kr. 5.000,00
5. Þrif	kr. 5.000,00
Samtals:	kr. 155.000,00

Ekki var gerð krafa um greiðslu vaxta af ofangreindri fjárhæð.

Ákærði Ásbjörn hefur samþykkt framangreinda kröfu og verður hann dæmdur til að greiða hana að undanskildum 2. lið, sem er órökstuddur, enda kröfunni í hóf stillt. Verður ákærði því dæmdur til að greiða Olíufélaginu hf. samtals kr. 145.000,00 en sem fyrr verður A ekki dæmdur til greiðslu kröfunnar í máli þessu þar sem þætti hans verður ekki lokið nú.

3. Aðfaranótt mánudagsins 10. mars sama ár brutust þeir sömu inn í bifreiðaverkstæði Tómasar Jónssonar, Laugarnestanga 15, Reykjavík. Þarna komust þeir inn með því að spenna upp opnanlegan glugga af stærðinni 35x40 á austurhlíð hússins. Þarna stálu þeir logsuðutækjum með brennara, 3 járnklippum, skrufjárn, kuldaskóm og 2 vinnugöllum. Tækin hugðust þeir nota síðar um nóttina í innbroti í bensínafgreiðslu Olíufélagsins hf. við Stórahjalla í Kópavogi, sbr. lið 4 hér á eftir. Ofangreint þýfi fannst allt óskemmt í ofangreindri bensínafgreiðslu.

Framangreind háttsemi ákærða, sem hann hefur játað, varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa var lögð fram vegna þessa þjófnaðar, enda komst þýfið til skila og ekki annað tjón unnið en á glugga þeim sem ákærði og félagi hans spenntu upp.

4. Svo sem að framan segir fóru ákærði og A þessa sömu nótt af ofangreindum innbrotsstað að bensínafgreiðslunni sem getið er í 3. lið. Þar spenntu þeir upp útidyrarhurð á austurhlið hússins með kúbeini. Notuðu þeir logsuðutækin til að freista þess að opna peningaskáp á lager stöðvarinnar. Ristu þeir lok skápsins upp með tækjunum og öðrum verkfærum, en komust ekki inn í aðalgeymslu skápsins, en þar voru geymdar krónur 335.926,00. Þarna stálu þeir í skiptimynt um kr. 3.000,00 úr litlum peningakassa sem var í efsta hluta skápsins ásamt 18 vindlingalengjum. Þá spenntu þeir upp skúffu undir afgreiðsluborði en fundu þar ekkert féfætt. Þá reyndu þeir að spenna upp bakhurð að lager en án árangurs.

Þegar starfsmenn komu til vinnu um morguninn um kl. 7.20 var enn þykkt ryk á staðnum sem myndast hafði við logsuðuna á skápnum.

Með játningu ákærða Ásbjörns sem er í samræmi við framburð A hjá rannsóknarlögreglu og önnur málsgögn telst framangreindur þjófnaður hans sannaður. Varðar hann við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Olíufélagið hf. hefur lagt fram eftirfarandi skaðabótakröfu sem sundurliðast þannig:

1. Peningar	kr. 3.000,00
2. Vörur	kr. 15.750,00
3. Peningaskápur, viðgerð	kr. 15.000,00
4. Aðrar skemmdir	kr. 15.000,00
5. Þrif	kr. 15.000,00
6. Skúffur í peningakassa	kr. 5.000,00
7. Peningakassi	kr. 2.500,00
8. Hreinsun á reiknivél	kr. 2.000,00
9. Grill	kr. 1.690,00
Samtals	kr. 75.940,00

Ekki var gerð krafa um greiðslu vaxta af ofangreindri fjárhæð.

Ákærði Ásbjörn hefur samþykkt kröfuna að öðru leyti en því að hann mótmælir 9. lið hennar, þar sem hann kannast hvorki við að þarna hafi þeir stolið eða skemmt grilltæki.

Krafan er sanngjörn og eðlileg og verður ákærði dæmdur til greiðslu hennar að undanskildum 9. lið hennar, þar sem ákærði er hvorki ákærður fyrir þjófnað á ofangreindu grilli né er á það minnst í gögnum málsins að á því hafi verið unnið tjón. Verður hann því dæmdur til að greiða Olíufélaginu samtals kr. 74.250,00 í skaðabætur. Svo sem málinu er háttað verður A ekki dæmdur ásamt ákærða til greiðslu kröfunnar nú.

5. Loks fóru ákærði og A inn í myndbandaleiguna Borgarvideó, Kára-stíg 1 hér í borg, aðfaranótt þriðjudagsins 11. mars sama ár með því að

ákærði fór inn um opnanlegan glugga og opnaði fyrir A. Í skýrslu lögreglunnar, sem þarna kom að, segir að farið hafi verið þarna inn með því að spyrna upp hurð á sameiginlegu þvottahúsi, en því hafa ákærði og A neitað. Þeir kváðust hafa brotist þarna inn í þjófnaðartilgangi, en er þeir voru nýkomnir inn fór þjófavarnarkerfið í gang og tóku þeir til fótanna og óku á brott á bifreið þeirri sem þeir komu á.

Framangreind háttsemi ákærða varðar við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa hefur verið lögð fram vegna þessa máls.

III.

1. Aðfaranótt föstudagsins 7. febrúar sama ár braust ákærði Ásbjörn einn síns liðs inn í heildverslun Kristins Bergþórssonar, Grettisgötu 5 hér í borg, með því að stinga þar upp glugga með skrúfjárnri sem hann hafði meðferðis í þessu skyni. Þarna stal hann reiknivél, útvarps- og segulbands-tæki, takkasíma, taltæki, myndavél af gerðinni Canon F-1 og 7 áfengis-flöskum. Ákærði drakk áfengið og kveðst hafa selt annað af þýfinu, nema reiknivélina og símann, sem komust til skila, Inga Rafni Bæringssyni, sem lofaði að selja það fyrir ákærða.

Framangreind háttsemi ákærða varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa var höfð uppi vegna þessa þjófnaðar.

2. Aðfaranótt fimmtudagsins 18. sama mánaðar braust ákærði inn í Nesapótek, Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi með því að brjóta rúðu við hlið inngangsins í apótekið. Þarna stal hann um kr. 3.700,00 í skiptimynt úr peningakassa.

Íbúar í nágrenninu höfðu orðið varir mannaferða við apótekið og gerðu lögreglu viðvart. Ákærði og X voru skömmu síðar handteknir á Kapla-skjólsvægi, þar sem þeir voru ölvaðir og ferðir þeirra þóttu grunsamlegar. Fundust kr. 1.730,00 á ákærða en á X kr. 300,00. Auk þess fundust kr. 2.015,00 undir bifreið sem þeir voru handteknir í, en þar höfðu þeir falið sig.

Ákærði Ásbjörn kveðst hafa verið að koma úr samkvæmi skammt frá apótekinu ásamt kunningjum sínum. Hann hafi ætlað að fá að hringja á leigubíl á lögreglustöðinni, en hún hafi verið lokað. Þessu reiddist hann og ákvað að brjótast inn í apótekið. Kunningjar hans, þar á meðal X, hafi ekki viljað taka þátt í þessu og reynt að koma fyrir hann vitinu, en allt að einu braust hann inn og stal ofangreindum peningum. Hann hafi síðan hlaupið á eftir hinum í framhaldi af þessu. Hann hafi síðan verið handtekinn í bíl sem hann faldi sig í, en áður faldi hann hluta af þýfinu undir bílnum.

Framburður X var í samræmi við framburð ákærða, enda er sá fyrrnefndi ekki ákærður fyrir þennan þjófnað.

Framangreind háttsemi ákærða varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Nesapóteki voru afhentir peningar þeir sem fundust á ákærða umrætt sinn, kr. 3.745,00. Var ekki lögð fram frekari krafa á hendur honum í málinu.

3. Fimmtudaginn 27. sama mánaðar fór ákærði inn á myndbandaleiguna Borgarvideó, Kárástíg 1 hér í borg, og tók þar á leigu myndbandstæki og 3 myndbönd til kl. 17:00 næsta dag. Undirritaði hann leigusamning þess efnis með eigin nafni. Tækið fór hann með heim til sín, en nokkrum dögum síðar fór hann með tækið til B og bað hann að selja tækið fyrir sig. Fékk ákærði í sinn hlut 5-7 þús. krónur en hann kveðst ekki vita hverjum tækið var selt.

Framburður B var í samræmi við framburð ákærða. Svo sem að framan greinir hefur hann verið dæmdur fyrir þátt sinn.

Framangreint brot ákærða varðar við 247. gr. alm. hegningarlaga. Ákærði er ekki ákærður fyrir að hafa slegið eign sinni á ofangreindar 3 myndbandsspólur og verður hann því ekki dæmdur fyrir þann verknað.

Borgarvideó hefur lagt fram skaðabótakröfu vegna framangreinds tækis að fjárhæð kr. 43.000,00 og hefur ákærði samþykkt að greiða kröfuna og verður hann dæmdur til greiðslu hennar.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu og öðru því sem fram er komið í málinu hafa þeir sætt eftirtöldum refsingum:

Ákærði Ásbjörn:

Árið 1979 var ákæru frestað skb. í 2 ár á hendur honum vegna þjófnaðar og þjófnaðartilraunar. Þá hefur hann frá árinu 1980 gengist 14 sinnum undir dómsátt, þar af 11 sinnum vegna ölvunar á almannaþæri, einu sinni vegna tollalagabrots og tvisvar vegna ölvunar við akstur, en í öðru þeirra tilvika, árið 1982, jafnframt fyrir nytjastuld. Þá hefur hann sætt þessum refsidómum:

- 1983 10/8 3 mánaða fangelsi skb. í 2 ár fyrir þjófnað.
- 1983 2/9 4 mánaða fangelsi skb. í 2 ár fyrir skjalafals, þjófnað og ólög-
mæta meðferð fundins fjár. Dómur frá 10/8 1983 dæmdur með.
- 1983 14/12 4 mánaða fangelsi skb. í 3 ár fyrir þjófnað. Dómur frá 2.9.
1983 dæmdur með.
- 1984 17/1 6 mánaða fangelsi, þar af 5 mán. skb. 3 ár fyrir þjófnað.
- 1984 15/3 Sakfelldur fyrir þjófnaðartilraun. Refsing ekki dæmd.
- 1985 22/4 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, skjalafals og þjófnaðartil-
raun. Skilorðshluti dóms frá 17/1 1984 dæmdur með.

- 1985 30/10 1 mánaðar fangelsi fyrir nytjastuld, ölvun og réttindaleysi við akstur. Svíptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.
- 1986 25/3 20 daga fangelsi fyrir nytjastuld, ölvun og réttindaleysi við akstur og fl. umf.l.brot.
- 1986 3/7 2 mánaða fangelsi fyrir nytjastuld, ölvun og réttindaleysi við akstur o.fl. umf.l.brot. Svíptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.
- 1987 14/1 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
- — —

Viðurlög.

Brot ákærða Ásbjarnar eru öll framin áður en þrír síðustu refsisdómarnir yfir honum voru upp kveðnir, samtals 6 mánaða og 20 daga fangelsi. Ber því nú að ákveða honum hegningarauka sem með hliðsjón af 72. gr., 77. gr., 78. gr. og 255. gr. sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga og því að hann hefur ekki bætt fyrir brot sín, hæfilega ákveðinn 18 mánaða fangelsi. Hann sat í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á brotum þeim sem fjallað er um í dómi þessum frá 21. mars 1986 kl. 16:54 til 28. maí sama ár kl. 17:00, samtals 69 daga. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að draga gæsluvarðhaldstímann frá refsingu hans.

— — —

Um skaðabótakröfur hefur verið fjallað hér að framan.

Þá eru ákærðu Ásbjörn og X dæmdir til að greiða allan sakarkostnað óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði Ásbjörn Andrason sæti 18 mánaða fangelsi. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist hans, samtals 69 dagar.

Ákærði X sæti 6 mánaða fangelsi. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist hans, samtals 53 dagar.

Ákærði Ásbjörn greiði eftirtöldum skaðabætur, sem hér segir:

1. Versluninni Ömmu Dalton, Víkurbraut 31, Grindavík, kr. 12.868,00.

2. Olíufélaginu hf. kr. 219.250,00.

3. Borgarvideó, Kárástíg 1, Reykjavík, kr. 43.000,00.

Ákærðu Ásbjörn og X greiði Olíufélaginu Skeljungu hf. óskipt kr. 394.091,30.

Ákærði Ásbjörn greiði í sakarkostnað kr. 17.870,00.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu Ásbjörn og X óskipt.